

# FYRSTU SKREF TIL CE-MERKINGAR

**STAÐLARÁÐ ÍSLANDS / Arngrímur Blöndahl**


Tengsl staðla og tilskipana
ATVINNULÍFIÐ
Ósk um: -Frjálst vöruflæði
-Arðsemi
SAMFÉLAGIÐ
Krafa um: -Öryggi
-Heilbrigði
-Umhverfisvernd
TILSKIPANIR
SAMRÆMDIR STAÐLAR
ÖRUGGAR VÖRUR
VOTTUÐ GÆÐAKERFI
SAMRÆMISMAT VÖRU OG TILSKIPANA
PRÓFANIR OG EFTIRLIT
STAÐLARÁÐ ÍSLANDS

# Almennar leiðbeiningar

# Almenner leiðbeiningar ½

- Skoða lista yfir nýaðferðartilskipanir til að greina undir hvaða tilskipanir tiltekin vara eða vörur falla.
- Fá í hendur viðeigandi tilskipun eða tilskipanir og gera sér grein fyrir þeim kröfum sem eiga við tiltekna vöru.

# Almennar leiðbeiningar 2/2

- Með hjálp tilskipunarinnar er valin viðeigandi leið við *samræmismat* vöru samkvæmt svonefndu *einingakerfi*.
- Ef krafist er *tilkynnts aðila*, þá þarf að finna slíkan sem hefur heimild til að meta samræmi við tilskipun sem varan fellur undir.

# CE merkingarferlið

# CE merkingarferlið

- Tilgreina hvaða tilskipun eða tilskipanir eiga við.
- Gera áætlun um framgang verksins.
- Tilgreina hvaða samræmdu staðlar eiga við.
- Ákveða hvernig eigi að tryggja að kröfur í stöðlum séu uppfylltar.

# CE merkingarferlið frh.

- Ganga úr skugga um að varan uppfylli kröfur tilskipunar með því að notast við:

  *Virkt verklag*, fyrirliggjandi gögn og prófunarniðurstöður

- Þegar aðstoð tilkynnts aðila er krafist:

  Sjá til þess að rétt verklag sé viðhaft til að tryggja samræmi við tilskipun og að aðgerðum í gæðamálum sé framfylgt

# CE merkingarferlið frh.

- Gera samræmisyfirlýsingu.
- Festa CE merkið á vöru.

# Nánar um

# CE merkingarferlið

# Hvaða tilskipun eða tilskipanir eiga við?

- Er um að ræða vél, byggingarvöru, persónuhlífar, rafsegulsviðssamhæfi, einföld þrýstihylki og svo framvegis.
- Athugið að varan getur þurft að uppfylla fleiri en eina tilskipun.

# Dæmi um tilskipanir

| Heiti tilskipunar | Númer | Stjórnvald | Réttarheimild. Lög, reglugerð eða reglur |
|---|---|---|---|
| Byggingavörur | 89/106/EBE | Neytendast. | Reglugerð 431/1994 |
| Rafsegulsviðssamhæfi | 2004/108/EB | Neytendast. | Reglugerð 270/2008 |
| Sprengiefni til almennra nota | 93/15/EBE | Vinnue./ RLR | Reglugerð 684/1999 |
| Lyftur | 95/16/EB | Vinnueftirl. | Reglugerð 341/2003 |
| Raffföng sem notuð eru við lága spennu | 2006/95/EB | Neytendast. | Reglugerð 264/1971 |
| Vélar | 2006/42/EB | Vinnueftirl. | Reglur 1005/2009 |
| Virk ígræðanleg lækningatæki | 90/385/EBE | Landlæknir | Reglugerð 476/1994 |
| Almenn lækningatæki | 93/42/EBE | Landlæknir | Reglugerð 892/2004 |
| Persónuhlífar | 89/686/EBE | Neytendast. | Reglugerð 635/1999 Reglur 501/1994 |
| Skemmtibátar | 94/25/EB | Siglingast. | Reglugerð 168/1997 |
| Einföld þrýstihylki | 87/404/EBE | Vinnueftirl. | Reglur 99/1996 |
| Leikföng | 88/378/EBE | Neytendast. | Reglugerð 408/1994 |

# Áætlun um framgang

- Í upphafi er mikilvægt að greina hvaða aðföng þarf til verksins:
  - Þekkingu á viðeigandi tilskipunum og stöðlum
  - Tilkynntan aðila, þar sem það á við
  - *Gerðarprófun*, ef við á
- Tryggja að á hönnunarstigi vörunnar sé tekið mið af kröfum tilskipana.

# Samræmdir staðlar

- Auðveldasta leiðin til að uppfylla grunnkröfur tilskipunar er að nota viðeigandi samræmda staðla.
- Í tilskipun á að vera að finna lista yfir þá staðla sem lýsa tæknilegum útfærslum á grunnkröfum hennar.
- Staðlar fást hjá Staðlaráði Íslands.
- Oftast fáir staðlar er varða tiltekna vöru.

# Tryggja að kröfur séu uppfylltar

- Hönnuðir yfirfara ákvæði staðlanna og taka mið af þeim við hönnun vörunnar þannig hagkvæmni náist samhliða öruggri vöru.

- Tilkynntur aðili kallaður til þegar við á.

- Tilkynntur aðili: Aðili sem stjórnvöld hafa tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, framkvæmdastjórnar ESB og annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins að uppfylli viðeigandi kröfur til þess að fást við samræmismat samkvæmt tiltekinni tæknilegri reglugerð.

# Tryggja að vara uppfylli kröfur tilskipunar

**Tryggja þarf að vara uppfylli tilskipun með því að**

- notast við *virkt verklag*, t.d. gæðakerfi.
- framleiðsla vörunnar sé alltaf í samræmi við upphaflega tæknilýsingu.

Fyrir tilteknar vörur er gerð er krafa um vottað gæðakerfi

# Tilnefndur aðili

- Framleiðandinn sækir m.a. um viðurkenningu á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila.
- Gæðakerfið á að tryggja að framleiðslan sé í samræmi við tilgreindar kröfur.
- Gæðakerfi auðveldar alltaf ferlið þótt þess sé ekki krafist nema í tilteknum vöruflokkum.

# Tilnefnið starfsmann

- Ráðlegt er að einn aðili hafi heildaryfirsýn yfir ferlið og beri ábyrgð á eftirfylgni.
- T.d. gæti verið um að ræða verkefnastjóra verksins eða einhvern annan sem hefði sérþekkingu á CE merkingum.

# Tæknileg gögn

Gera þarf *tæknilýsingu* sem framleiðandinn eða fulltrúi hans innan EES svæðisins á að varðveita.

- Tæknilýsingin skal innihalda:
  - Lýsingu á tækjum og búnaði.
  - Hönnunargögn og útreikninga með greinargóðum upplýsingum og leiðbeiningum um starfrækslu tækja og búnaðar.

# Tæknileg gögn

- Tæknilýsingin skal innihalda (framh.) :
  - Lista yfir staðla sem studdst var við.
  - Aðgerðir við að uppfylla grunnkröfur þar sem ekki var studdst við staðla.
  - Niðurstöður prófana.
  - Eintak af samræmisyfirlýsingu.

# Grunneiningakerfi tilskipana

- *Innleitt* kerfi fyrir samræmismat.
- Skýrar reglur án óþarflega strangra skilyrða.
- Kerfið er kallað *grunneiningakerfi*.
- Áhætta af vöru vex frá A-H.
- Bókstafir standa fyrir aðferð sem tilskipun vísar í.

# Grunneiningakerfi / Samræmismat

<table>
<tr>
<th>A<br>(Innra eftirlit í framleiðslu)</th>
<th colspan="4">B<br>Gerðarprófun</th>
<th>G<br>(Einingarsannprófun)</th>
<th>H<br>(Full gæðatrygging)<br>ÍST EN ISO 9001</th>
</tr>
<tr>
<td rowspan="2">Framleiðandi sér um að tæknileg skjöl séu til reiðu fyrir yfirvöld innanlands<br><br>Aa<br>Íhlutun tilkynnts aðila</td>
<td colspan="4">Framleiðandi leggur fram hjá tilkynntum aðila:<br>• Tæknileg skjöl<br>• Gerðareintak<br><br>Tilnefndur aðili<br>• Gengur úr skugga um að grunnkröfur séu virtar<br>• Framkvæmir próf<br>• Gefur út gerðarprófunarvottorð</td>
<td rowspan="2">Framleiðandi<br>• Leggur fram tæknileg skjöl</td>
<td rowspan="2">Framleiðandi<br>• Starfrækir viðurkennt gæðakerfi fyrir hönnun<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Hefur eftirlit með gæðakerfinu<br>• Staðfestir samræmi hönnunar</td>
</tr>
<tr>
<th>C<br>(Gerðarsamræmi)</th>
<th>D<br>(Gæðatrygging framleiðslu)<br>ÍST EN ISO 9002*</th>
<th>E<br>(Gæðatrygging vöru)<br>ÍST EN ISO 9003*</th>
<th>F<br>(Vöruvottun)</th>
</tr>
<tr>
<td>A.<br>Framleiðandi<br>• Lýsir yfir að grunnkröfum um samræmi sé fullnægt<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Aa<br>Tilkynntur aðili<br>• Rannsóknir á tilteknum þáttum vörunnar<br>• Slembiathuganir á vörum</td>
<td>Framleiðandi<br>• Lýsir yfir að samræmiskröfum um viðkennda gerð sé fullnægt<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Rannsóknir á tilteknum þáttum vörunnar<br>• Slembiathuganir á vörum</td>
<td>Framleiðandi<br>• Starfrækir viðurkennt gæðakerfi fyrir framleiðslu og prófun<br>• Lýsir yfir að samræmiskröfum um viðurkennda gerð sé fullnægt<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Viðurkennir gæðakerfið<br>• Framkvæmir eftirlit með gæðakerfinu</td>
<td>Framleiðandi<br>• Starfrækir viðurkennt gæðakerfi fyrir skoðun og prófun<br>• Lýsir yfir að samræmiskröfum um viðurkennda gerð sé fullnægt<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Viðurkennir gæðakerfið<br>• Framkvæmir eftirlit með gæðakerfinu</td>
<td>Framleiðandi<br>• Lýsir yfir að grunnkröfum um samræmi viðkenndrar gerðar sé fullnægt<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Staðfestir að samræmiskröfum sé fullnægt<br>• Gefur út samræmisvottorð</td>
<td>Framleiðandi<br>• Leggur fram vöru<br>• Lýsir yfir samræmi<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Staðfestir að grunnkröfum sé fullnægt<br>• Gefur út samræmisvottorð</td>
<td>Framleiðandi<br>• Starfrækir viðurkennt gæðakerfi fyrir framleiðslu og prófun<br>• Lýsir yfir samræmi<br>• Festir CE-merki á vöruna<br><br>Tilkynntur aðili<br>• Framkvæmir eftirlit með gæðakerfinu</td>
</tr>
</table>

*Merktir staðlar í þessari töflu eru fallnir úr gildi. Staðallinn *ÍST EN ISO 9001 Gæðastjórnunarkerfi kröfur* gildir í þeirra stað.

# Samræmisyfirlýsing

- Samræmisyfirlýsing er skrifleg yfirlýsing frameiðanda um að varan uppfylli grunnkröfur viðeigandi tilskipana.
- Samræmisyfirlýsingu er oft að finna í umbúðum utan um vörur.
- *Höfuðskráin* þarf að geymast í 10 ár frá því að síðasta eintak vörunnar er framleitt.

# Innihald samræmisyfirlýsingar

- Yfirlýsing um að varan samræmist grunnkröfum tilskipana.
- Undirskrift framleiðanda eða fulltrúa hans.
- Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila.
- Lýsing á vöru ( eða tæki/búnað/vél.. .)
- Númer og heiti staðla sem studst var við.
- Útgáfudagur.

JUNIPER NETWORKS

## Declaration of Conformity

CE

**Juniper Networks, Inc.**
1194 N. Mathilda Ave
Sunnyvale, CA 94089 USA

declares that under our sole responsibility the products

**EX4500 Ethernet Switch**

are in conformity with the provisions of the following EC Directives, including all amendments, and with national legislation implementing these directives:

**Low Voltage Directive 2006/95/EC**
**EMC Directive 2004/108/EC**

The following harmonized standards were applied:

**EN 300 386 V1.4.1: 2008**
**EN 55022 Class A: 2006, including A1: 2007**
**EN 55024 +A1+A2: 1998**
**EN 60950-1: 2005**

This product carries the CE Mark, which was first affixed in 2010.

| Place | Signature | Date |
|---|---|---|
| **Sunnyvale, CA** | **Kevin Kimma**<br>**Regulatory Compliance Manager**<br>1194 N. Mathilda Ave<br>Sunnyvale, CA 94089 USA | **4/21/2010** |

*DoC:10 EX4500*

s021005

# Dæmi um CE merkingu



# CE merkið fest á vöru



# Meira um staðla

# Notkun staðla

- Staðlar eru einfaldasta leiðin til að tryggja að grunnkröfur tilskipunar séu uppfylltar.

- Staðlar eru tæknileg útfærsla á  grunnkröfum um umhverfi, heilsu og öryggi.

# Notkun staðla - dæmi

- Vélatilskipunin krefst t.d. að gert sé áhættumat þegar framleiða á vél.

- Við áhættumat er hægt að nota staðalinn:

  ÍST EN ISO 12100 *Öryggi véla - Almennar grunnreglur um hönnun, áhættumat og áhættuminnkun.*

- ÍST EN ISO 12100 gerir almennar kröfur.

# Notkun staðla - dæmi

- Oftast er einnig að finna sértæka staðla sem notaðir eru við framleiðslu tiltekinna véla.

- Þegar smíða á róbót  kemur t.d. til greina að nota staðal sem heitir:

  ÍST EN ISO 10218-2 *Róbótar til nota í iðnaði - Öryggiskröfur –Hluti 2: Róbótakerfi og  samþætting.*

  Skoða hvort aðrir staðlar eiga við.



# FYRSTU SKREF TIL CE-MERKINGAR

**STAÐLARÁÐ ÍSLANDS / Arngrímur Blöndahl**